

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Austurbyggð II, Selfossi, deiliskipulag.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 22. júlí 2021 nýtt deiliskipulag fyrir Austurbyggð II, Selfossi. Megináhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti fyrir íbúðarbyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan svæðisins. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishúsalóðum.

Móavegur 4, Selfossi, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 9. júní 2021 nýtt deiliskipulag að Móavegi 4, Selfossi. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar kirkju og tengdra mannvirkja á lóðunum Móavegur 4 og 4a á Selfossi.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 1. október 2021.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,

Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.